

✉ RE: Ósk um umsögn breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi Norður Botn

Búið til	26.3.2020 12:48:06
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	26.3.2020 12:48:05
Tilheyrir	 202003-0016 - Óskað er að nýju umsagnar um meðfylgjandi skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi fyrir Norður-Botn í Tálknafirði

Efni

RE: Ósk um umsögn breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi Norður Botn

Upplýsingar

Sent	26.3.2020 12:48:05	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	oskar@landmotun.is

Innihald

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Tálknafjarðarhreppi, dags. 10. mars 2020, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytta skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og breytingu á deiliskipulagi Norður-Botns.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulags- og matslýsingu og telur að hún sé greinagóð og mun betri en fyrri lýsing og að búið sé að taka tillit til ýmissa ábendinga frá Náttúrufræðistofnun sbr. meðfylgjandi umsögn stofnunarinnar um fyrri lýsingu frá 10. desember 2019.

Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að gera athugasemd við núverandi lýsingu en áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir við málið á síðari stigum þess gerist þörf á því. Stofnunin ítrekar og leggur áherslu á það sem áður hefur komið fram að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að ávalt sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: "Óskar Örn Gunnarsson" <oskar@landmotun.is>
To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "eftirlit@hevf.is" <eftirlit@hevf.is>; "mast@mast.is" <mast@mast.is>; "fiskistofa@fiskistofa.is" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "Vegagerðin" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "orkubu@ov.is" <orkubu@ov.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Erla Bryndís Kristjánsdóttir" <ebk@verkis.is>; "Sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps" <sveitarstjori@talknafjordur.is>
Subject: RE: Ósk um umsögn breyting á aðalskipulagi og deilikipulagi Norður Botn
Date: 10.3.2020 17:35:43

Góðan daginn aftur.

Gefinn er frestur til 29. mars. Afsakið þetta.

Meðfylgjandi eru einnig samantekt um þær breytingar sem gerðar voru á skipulagsgögnum ykkur til upplýsingar.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á skipulags- og matslýsingu fyrir Norður-Botn:

- Uppsetning greinargerðar gerð skýrari. Áformum um uppbyggingu og breytingar á skipulagi gerð skil í kafla 2 *Meginmarkmið og viðfangsefni* og undirköflum 2.1 *Aðalskipulagsbreyting* og 2.2 *Deiliskipulagsbreyting*. Í fyrri lýsingu var hægt að finna þessar upplýsingar í víðar í greinargerðinni.
- Umfang stækkunar skipulagssvæðisins minnkuð í 2,6 ha (áður 40 ha)
- Framleiðslumagn aukið í 2400 t (áður 2000 t). Tilgreint að framleiðslumagnið er sameiginlegt fyrir svæði I3 og I11.
- Byggingarreitur óbreyttur frá fyrri lýsingu (4,5 ha til suðurs)
- Heildarbyggingarmagn 45.000 m²
- Samanlagt umfang kerjarýmis tilgreint, þ.e. 60.000 m³
- Nánari grein gerð fyrir vatnsnotkun
- Nánari grein gerð fyrir fráveitu
- Ítarlegri og markvissari umfjöllun um umhverfi og staðhætti á skipulagssvæðinu
- Betri grein gerð fyrir umhverfismatsferli, m.a. uppbygging á Keldeyri tilgreind sem valkostur (áður ótilgreind staðsetning)
- Verkáætlun uppfærð

Með kveðju

Óskar Örn Gunnarsson

Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps

From: Óskar Örn Gunnarsson
Sent: þriðjudagur, 10. mars 2020 17:33
To: 'ust@ust.is' <ust@ust.is>; 'eftirlit@hevf.is' <eftirlit@hevf.is>; mast@mast.is; 'fiskistofa@fiskistofa.is'

<fiskistofa@fiskistofa.is>; skrifstofa@vedur.is; 'samgongustofa@samgongustofa.is'
<samgongustofa@samgongustofa.is>; 'vegagerdin@vegagerdin.is' <vegagerdin@vegagerdin.is>;
'postur@minjastofnun.is' <postur@minjastofnun.is>; 'orkubu@ov.is' <orkubu@ov.is>; 'ni@ni.is' <ni@ni.is>
Cc: 'Erla Bryndís Kristjánsdóttir (ebk@verkis.is)' <ebk@verkis.is>; Sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps
<sveitarstjori@talknafjordur.is>
Subject: Ósk um umsögn breyting á aðalskipulagi og deilikipulagi Norður Botn

Góðan daginn

Óskað er að nýju umsagnar um meðfylgjandi skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi fyrir Norður-Botn í Tálknafirði. Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við fyrri lýsingu sem voru þess eðlis að það þótti ástæða að endurauglýsa og senda hana aftur til umsagnaraðila. Skipulagsgögnin verða einnig einnig aðgengileg á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps og verða einnig kynnt á fésbókarsíðu sveitarfélagsins. Gefinn er frestur 9. desember.

M.kv.



Óskar Örn Gunnarsson

Skipulagsfræðingur SFFÍ

s. 575 5306 – 847 4346

Hamraborg 12 - 200 Kópavogur – 575 5300

Hönnun – skipulag – ráðgjöf - kortagerð

www.landmotun.is

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)

image002.png (3 KB)

Umsogn-NI-NordurBotn-10-12-2019.pdf (77 KB)